

LEIGUSAMNINGUR

vegna leiguréymis að Hrunamannavegi 3, 845 Flúðum

Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, Akurgerði 6, 845 Flúðum
Hér eftir nefnt leigusali
og
Héraðsskjalasafn Árnesinga, kt. 630189-2849, Austurvegi 2, 800 Selfossi
Hér eftir nefnt leigutaki.

Hið leigða:

Um er að ræða 327,1m² rými sem staðsett er kjallara húss við Hrunamannaveg 3 á Flúðum, landnr. 224583, fnr. _____. Rými í kjallara eru merkt á fylgiskjali 1 sem; lager 0001. Í hinu leigða húsnæði er starfrækt fjargeymsla Héraðsskjalasafns Árnesinga. Þar er einnig gert ráð fyrir vinnustöð fyrir starfsfólk vegna tilfallandi verkefna tengdum lögbundnu hlutverki safnsins.

Leigutaki tekur við húsnæðinu tilbúnu til notkunar, veggir málaðir, gólf frágengin, lýsing verður í rýminu, rafmagn og hiti. Aðgengi að salerni skal tryggt. Sjá nánar í fylgiskjali 2 skilalýsingu. Leigutaki setur upp skápa og annan búnað vegna starfsemi sinnar, svo sem öryggisbúnað og nettengingar og er sá búnaður eign leigutaka.

1. gr.

Leigusamningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2025 og gildir hann í 15 ár frá undirritunardagsetningu að telja. Leigusamning þennan skal endurnýja með formlegum hætti minnst 2 árum áður en hann fellur úr gildi. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar þá er samningurinn ávallt uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 2 ára fyrirvara. Skal uppsögn miðast við áramót og taka gildi tveimur árum síðar.

Leigutaki skal segja til galla sem hann telur vera á húsnæðinu við afhendingu í samræmi við ákvæði húsaleigulaga. Leigusali skal ráðast í endurbætur í samræmi við húsaleigulög.

Leigusali ber ekki ábyrgð á skemmdum sem verða vegna verktaka sem vinnur á vegum leigutaka né skemmdum er verða við flutning leigutaka í húsið.

Framleiga er óheimil án samþykkis leigusala.

2. gr.

Leigugjald á mánuði er kr. 382.707,- og sundurliðast þannig að leigufjárhæð á fermeter er kr. 1.170,- við upphaf samningstíma.

Leigusali sendir leigutaka reikning um mánaðarmót vegna leigunnar. Gjaldldagi reikninga er 1. dagur hvers mánaðar. Eindagi reikninga er 20. dag hvers mánaðar. Ef reikningur greiðist ekki fyrir eindaga, reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá gjalddaga reiknings. Leigugjald skal taka breytingum miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júní ár hvert. Miða skal við vísitölu neysluverðs eins og hún er við undirritun samnings.

Leigugreiðslur hefjast um leið og húsnæðið er afhent Héraðsskjalsafninu tilbúið til notkunar sbr. ákvæði í formála. Leigugreiðslur skulu verðbætast í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs frá undirritunardagssetningu að telja.

3. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess. Leigutaki greiðir orkukostnað og annan rekstrarkostnað, svo sem gjald til húsfélags, vegna starfseminnar í hinu leigða rými, orkukostnaður leigutaka reiknast sem hlutfallslegur kostnaður eða út frá mæli eftir atvikum. Leigutaki ábyrgist minniháttar viðhald hins leigða innanhúss en leigusali ber ábyrgð á og kostar allt viðhald utanhúss.

4. gr.

Leigusali greiðir lögboðna brunatryggingu og húseigendatryggingu vegna hins leigða rýmis en leigutaki annast og kostar aðrar nauðsynlegar tryggingar s.s. brunatryggingar lausafjármuna.

5. gr.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að um viðhald hins leigða rýmis gildi ákvæði IV. kafla laga um húsaleigusamninga nr. 36/1994

6. gr.

Rísi ágreiningur vegna þessa leigusamnings sem ekki næst að leysa milli aðila skal dómsmál um ágreininginn höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Flúðum, _____ 2025

f. h. Hrunamannahrepps

F h. Héraðskjalasafns Árnesinga

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

kt.

kt.